



FLE fréttir

10. maí 2024

Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda

Nr. 4 / 2024



Sæl öll,

Á skrifstofunni okkar á Suðurlandsbrautinni er að finna fjölmörg afar áhugaverð skjöl, greinar, samantektir og ýmislegt fleira úr sögu félagsins sem er ánægjulegt að hafi ekki glatast. Sem dæmi má nefna hamingjuóskir með stofnun FLE sem bárust frá félagi löggiltra endurskoðenda í Hollandi í september 1935 en FLE var stofnað 16. júlí sama ár. Við höfum ákveðið að hafa liðinn „Skoðað í skjalaskápin“ fastan lið í fréttabréfum okkar hér eftir. Að þessu sinni skoðum við löggildingarpróf ársins 1967 sem við hvetjum félagsmenn til að spreyta sig á. Annar nýr liður í fréttabréfinu er „Félagsmaðurinn“. Við byrjum á að spjalla við Elínu Hönnu Pétursdóttur sem nú í vor sneri aftur til endurskoðunarstarfa eftir langt hlé.

Viðburðir á vegum félagsins á árinu hafa verið vel sóttir. Sem dæmi má nefna að 79 voru á síðasta morgunkorni og 110 á ráðstefnunni síðastliðinn föstudag þar sem fjallað var um birtingarmyndir og varnir þegar kemur að fjársvikum og spillingu. Næsti viðburður hjá okkur verður 23. maí en þá höldum við námskeið um kaupréttarsamninga. Daginn eftir er svo komið að okkar árlega endurskoðunardegi sem og kveðjuhöfi fyrir Sigurð Arnþórsson fyrrum framkvæmdastjóra. Þann 30. maí verður svo námskeið fyrir fólk sem stefnir á að fara í löggildingarpróf í haust.

Síðast en ekki síst má nefna að við á skrifstofunni erum að skoða möguleikann á því að fara í utanlandsferð á næsta ári en þá verður félagið 90 ára og því ber að fagna. Þá verða liðin sjö ár frá því við skelltum okkur saman í vel heppnaða ferð til Brussel.

Áfram hvetjum við félagsmenn til að kíkja reglulega á heimasíðu félagsins sem við erum dugleg að uppfæra með fréttum og greinum. Við minnum ykkur sem fyrr á að allar hugmyndir að greinum og námskeiðum eða öðrum viðburðum eru vel þagnar. Við hvetjum ykkur líka til að fylgja okkur á samfélagsmiðlum og deila áfram auglýsingum um fréttir og viðburði. FLE er á Facebook, LinkedIn og Instagram.

Við óskum ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegs sumars.



Félagsmaðurinn

[Elín Hanna Pétursdóttir](#) er einn af fjölmörgum endurskoðendum sem býr á Kársnesinu í Kópavogi en þar búa í það minnsta tíu félagsmenn samkvæmt síðustu talningu. Við tókum hús á henni um daginn.

Rannsókn fyrir FLE

Í mars var opnað fyrir umsóknir um styrki frá Námsstyrkja- og rannsóknarsjóði FLE. Ein umsókn barst, frá Valdimari Sigurðssyni sem er doktor í markaðsfræðum og prófessor við Háskólann í Reykjavík. Eitt að markmiðum sjóðsins er að styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk þess og fellur rannsókn Valdimars í þann flokk. Í frétt á heimasíðunni er fjallað nánar um rannsóknina og markmiðin með henni en þau eru margþætt. Ætlunin er svo að félagið nýti sér niðurstöður rannsóknarinnar í áframhaldandi vinnu við mörkun og markaðssetningu á faginu, félaginu og kynningu á störfum endurskoðenda og er markmiðið ekki síst að fá fleira fólk í stéttina.

Skoðað í skjalaskápin

[Löggildingarpróf ársins 1967](#)

Löggildingarpróf í endurskoðun var sex klst. árið 1967. Verkefni voru fjögur en prófið sjálft aðeins tvær bls. Prófmenn voru að sjálfsögðu þéttir og þurftu að svara ýmsum spurningum svo sem að skýrgreina og fjalla um hugtakið *dulið varafé* en ekki var beðið um neina útreikninga á prófinu. Verkefni voru fjölbreytt og má sem dæmi nefna að úrlausnarefnið á einu þeirra var að svara því hvernig endurskoðandi skuli bregðast við þegar kaupfélagsstjóri stingur upp á því að „þér hættið þessum störfum og telur þau óþörf“ enda sé vel hægt að „velja einhvern bóndann á félagssvæðinu, sem endurskoðanda og greiða honum smáþóknun fyrir að árita reikningana.“

[Bréf frá Amsterdam](#)

Eins og fram kemur að ofan var FLE stofnað árið 1935. Í skjalaskápnun fundum við bréf sem FLE sendi til Hollands þann 27. ágúst sama ár þar sem tilkynnt var um stofnun félagsins og hamingjuóskir frá hollenska endurskoðunarsambandinu sem bárust hálfum öðrum mánuði síðar.

Námskeið um kaupréttarsamninga – 23. maí 2024

FLE stendur fyrir námskeiði um kaupréttarsamninga fimmtudaginn 23. maí frá kl. 13 - 16 í salnum Háteig á 4. hæð á Grand hóteli. Einnig verður boðið upp á streymi. Á námskeiðinu verður fjallað um reikningshaldslega meðferð kaupréttarsamninga við starfsmenn, skattalega meðferð, bæði í reikningsskilum félagsins og hjá kaupréttarhafa og verðlagningu slíkra samninga. Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna [hér](#). Hægt er að skrá sig á námskeiðið [hér](#). Námskeiðið gefur þrjár endurmenntunareiningar, tvær í flokknum reikningskil og fjármál og eina í flokknum skatta- og félagaréttur.

Endurskoðunardagur FLE og kveðjuhóf fyrir Sigurð – 24. maí 2024

Árlegur endurskoðunardagur verður haldinn þann 24. maí í salnum Háteig á 4. hæð Grand hótels. Við byrjum á skráningu og kaffisopa á milli kl 8:30-9:00 en formleg dagskrá hefst kl. 9:00 og stendur til kl. 12:30. Dagskráin er spennandi. Kai Morten Hagen frá norska endurskoðendasambandinu mætir á staðinn og fræðir okkur um nýjan staðal ([LCE](#)) fyrir endurskoðun einfaldari félaga (sjá nánar um staðalinn neðar í fréttabréfinu), Jón Arnar Baldurs segir okkur hvað er efst á baugi hjá Endurskoðendaráði, Garðar Þór Stefánsson, endurskoðandi hjá Deloitte, fjallar um endurskoðun samstæðu skv. nýjum [ISA 600 \(revised\)](#) staðli og Margret Flóvenz, endurskoðandi ræðir hlutverk endurskoðunarnefnda. Í lokin mun svo Valdimar Sigurðsson segja nokkur orð um fyrirhugaða [rannsókn](#) sína fyrir FLE.

Eftir að formlegri dagskrá endurskoðunardags lýkur kl. 12:30 ætlum við að kveðja Sigurð Arnþórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra FLE sem lét af störfum í janúar. Í boði verða veitingar og drykkir.

Hægt er að skrá sig á endurskoðunardaginn og / eða kveðjuhófið [hér](#).

Ferð í Reykjadal – látum gott af okkur leiða – 16. maí 2024

Eins og fram kom í tölvupósti til félagsmanna um daginn mun FLE standa fyrir tiltektar- og viðhaldsdegi í Reykjadal þann 16. maí frá kl. 9:00 – 15:00. Reykjadalur eru sumarbúðir í Mosfellsdal fyrir fötluð börn og ungmenni og sækja um 250 einstaklingar þær árlega. Nokkrir félagsmenn og aðrir starfsmenn endurskoðunarstofa hafa þegar skráð sig en við myndum gjarnan vilja fá töluvert fleira fólk til liðs við okkur. Öll verkfæri og efni eru á staðnum og eina sem þarf að koma með er góða skapið og föt sem mega verða skítug. **Boðið verður upp á hádegisverð.**

Ef þið hafið tök á því að taka þátt í verkefninu með okkur þá er bara um að gera [að skrá sig til leiks](#). Hægt er að velja hvort að mætt sé allan tímann eða hluta úr degi.

Endurskoðun einfaldari félaga

Eins og nefnt var hér að framan þá ætlar Kai Morten frá norska endurskoðunarsambandinu að heimsækja okkur á endurskoðunardaginn og fjalla um nýjan staðal um endurskoðun einfaldari félaga. Nú kann einhver að spyrja hvað sé hér á ferðinni og hvaða áhrif staðallinn hafi á okkar störf. Því er til að svara að þetta er staðall sem á ensku nefnist [The International Standard on Auditing for Audits of Financial Statements of Less Complex Entities](#) en í daglegu tali *ISA for LCE*. Í góðri [samantekt](#) á staðlinum kemur fram honum sé ætlað að bæta gæði endurskoðunar þegar kemur að endurskoðun einfaldari félaga, eða eins og segir í fyrrnefndri samantekt:

„Practitioners in jurisdictions allowing the use of the ISA for LCEs will experience a notable shift in their approach to audits. The proportional nature of the standard eliminates the need to assess which ISAs apply to each engagement, streamlining the process for auditors auditing less complex entities.“

Gildistökudagur staðalsins miðast við reikningsár sem hefjast 15. desember 2025 eða síðar en heimilt er að taka hann upp fyrr. Það er hins vegar viðeigandi yfirvalda í hverju og einu landi að ákveða hvort heimilt verði að beita þessum staðli eða ekki.

FLE fær ekki séð af hverju það ætti ekki að vera heimilt að taka staðalinn upp á Íslandi og beita honum þegar við á enda er hann alþjóðlegur endurskoðunarstaðall. Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar eru kenndir í háskólum hér á landi og eru meðal námsefnis sem lagt er til grundvallar löggildingarprófum en í 14. gr. laga um [endurskoðendur](#) segir að endurskoðendur skuli rækja störf sín í samræmi við góða endurskoðunarvenju og að hana skuli túlka í samræmi við þær kröfur sem er að finna í lögum, reglum og alþjóðlegum stöðlum hverju sinni og það efni sem kennt er í íslenskum háskólum og lagt til grundvallar löggildingarprófum endurskoðenda hér á landi.

Er sjálfbæriskýrslan tæk til staðfestingar?

Margrét Pétursdóttir fjallar í góðri grein um sjálfbærniupplýsingar, mikilvægi þess að fyrirtæki undirbúi sig fyrir auknar kröfur í þeim efnum og veltir upp spurningunni um það hvort sjálfbæriskýrslan sé tæk til staðfestingar. Margrét er endurskoðandi og partner hjá KPMG.

Viðburðir fram undan

[Námskeið um kaupréttarsamninga – 23. maí](#)

[Endurskoðunardagur og kveðjuhóf fyrir Sigurð fyrrverandi framkvæmdastjóra – 24. maí](#)

[Að taka löggildingarpróf – námskeið fyrir þá sem fara í löggildingarpróf í haust – 30. maí](#)

Greinar á heimasíðu

Áhugaverðar greinar sem hafa verið birtar á heimasíðu félagsins sem við hvetjum félagsmenn til að lesa og deila áfram á samfélagsmiðlum.

Er sjálfbærnisráðgjafi tæk til staðfestingar?

Gjafir og glens að mati ríkisskattstjóra

Flokkunarreglugerð ESB

Tvíþætt mikilvægismat

Sjálfbærniáætlun Evrópusambandsins (ESRS) í hnotskurn

Liðnir viðburðir

Efnahagsbrot og spilling, birtingarmyndir og varnir – 3. maí 2024

Morgunkorn – skýrleiki og skattframkvæmd – 18. apríl 2024

Morgunkorn um löggildingarprófin – 21. mars 2024

Morgunkorn – Mun ný tegund gervigreindar gjörbylta endurskoðun og bókhaldi? – 7. mars 2024

Skattadagur FLE – 26. janúar 2024

Er ekki tími til kominn að tengja? – 25. janúar 2024